



ERINDISBRÉF FYRIR SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐ AKRANESS

Skipan skipulags- og umhverfísráðs

1. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í skipulags- og umhverfísráð til eins árs og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann úr hópi bæjarfulltrúa. Um kjör í skipulags- og umhverfísráði gilda ákvæði samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

Verkefni skipulags- og umhverfísráðs

2. gr.

Skipulags- og umhverfísráð er bæjaráði og bæjarstjórn til ráðgjafar í þeim málaflokkum sem tilheyra skipulags- og umhverfissviði, m.a. skipulags- og byggingarmál, brunamál, stefnumótun og eftirlit með framkvæmdum, rekstri fasteigna og annarra mannvirkja, dýraeftirlit og samgöngumál. Skipulags- og umhverfísráð fjallar um eftirtalin verkefni skipulags- og umhverfissviðs sem sér m.a. um undirbúning allra framkvæmda, s.s. framkvæmdir við fasteignir, götur, gangstéttir og stíga, jarðeignir og lönd, gatnahreinsun, leiksvæði og opin svæði, tjaldstæði, eignaumsýslu, ásamt innkaupum og útboðum vegna framangreindra þátta. Skipulags- og umhverfísráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í málefnum sem tengjast verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins.

Við gerð fjárhagsáætlunar skal skipulags- og umhverfísráð láta semja starfs- og rekstraráætlun vegna málaflokka ráðsins. Þar skal gerð grein fyrir helstu starfsmarkmiðum ársins og þeim árangursmælingum sem best lýsa starfsemi skipulags- og umhverfissviðs.

Lög og reglugerðir

3. gr.

Skipulags- og umhverfísráð fer með umsjón og eftirlit með málum sem heyra undir framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggðra á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin setja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- ♦ Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- ♦ Lög um brunavarnir nr. 75/2000.
- ♦ Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
- ♦ Lög um landgræðslu nr. 17/1965.
- ♦ Mannvirkjalög nr. 160/2010.
- ♦ Skipulagslög nr. 123/2010.
- ♦ Umferðarlög nr. 50/1987.
- ♦ Byggingarreglugerð nr. 112/2012.
- ♦ Önnur lög, reglugerðir, samþykktir, reglur og gjaldskrár sem tengjast verkefnum ráðsins.





Samþykktir og reglur Akraneskaupstaðar

4. gr.

Skipulags- og umhverfisráð skal vinna samkvæmt þessum samþykktum og reglum Akraneskaupstaðar:

- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar Akraness um stjórn og fundarsköp.
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
- ♦ Starfsskyldum stjórnenda Akraneskaupstaðar.
- ♦ Starfsmannastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Fjölskyldustefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Velferðastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnarsýslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið starfsins.

Nefndir og stjórnir

5. gr.

Samkvæmt samþykktum Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf. og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. fer skipulags- og umhverfisráð með stjórn félaganna.

Fundarsköp skipulags- og umhverfisráðs

6. gr.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs undirbýr ráðsfundi í samráði við formann ráðsins. Hann sér um að skipulags- og umhverfisráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi sólarhring fyrir fund.

Óski ráðsmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í skipulags- og umhverfisráð þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, ef meirihluti viðstaddra ráðsmanna samþykkir það. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmaður óskar þess.

Fundir skipulags- og umhverfisráðs eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur ráðsmanna er á fundi. Skipulags- og umhverfisráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Um fundarsköp á fundum skipulags- og umhverfisráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.





7. gr.

Formaður skipulags- og umhverfisráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í skipulags- og umhverfisráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

8. gr.

Skipulags- og umhverfisráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sviðsstjóri skipulags- og umhverfisráðs, bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess.

9. gr.

Bæjarskrifstofa Akraneskaupstaðar leggur skipulags- og umhverfisráði til fundaraðstöðu og fundarritara, sé þess óskað. Um ritun fundargerða skipulags- og umhverfisráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

Ritari skipulags- og umhverfisráðs skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- ♦ Fundartíma og fundarstað.
- ♦ Nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn.
- ♦ Nöfn starfsmanna/gesta sem sækja fundinn.
- ♦ Heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir.
- ♦ Greinargóða lýsingu á hverju fundarefni.
- ♦ Bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við.
- ♦ Í fundargerð skal koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra þjónustudeildar. Þjónustudeild sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í skipulags- og umhverfisráði, um málalok og að birta fundargerðir á vefsíðu Akraneskaupstaðar.





10. gr.

Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlan með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi.

Hæfi og skyldur

11. gr.

Ráðsmanni í skipulags- og umhverfisráði ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Ráðsmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Ráðsmaður sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli ráðsins á því.

Um hæfi ráðsmanna í skipulags- og umhverfisráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar. Um hæfi starfsmanna í skipulags- og umhverfisráði gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

12. gr.

Ráðsmönnum í skipulags- og umhverfisráði er skylt að sækja alla fundi ráðsins nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé ráðsmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til formanns og boða varamann sinn á fund.

Ráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Málsmeðferð skipulags- og umhverfisráðs

13. gr.

Mál er afgreitt í skipulags- og umhverfisráði með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu ráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annarra ráða, fagnefnda eða embættismanna. Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga.

Skipulags- og umhverfisráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

14. gr.

Við meðferð mála hjá skipulags- og umhverfisráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu ráðsmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Skipulags- og umhverfisráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.





Heimildir til fullnaðarákvarðana skipulags- og umhverfiráðs

15. gr.

Skipulags- og umhverfiráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef:

- ♦ Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- ♦ Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- ♦ Þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

16. gr.

Skipulags- og umhverfiráði er heimilt að fela sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar og öðrum starfsmönnum skipulags- og umhverfissviðs fullnaðarafgreiðslu mála, sem eru samþykkt í fjárhagsáætlun og innan ramma hennar, á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 15. gr. Bæjarstjórn setur reglur um fullnaðarafgreiðslu þessara starfsmanna ráðsins.

Mál sem starfsmenn afgreiða skulu kynnt í skipulags- og umhverfiráði með skriflegri skýrslu í lok hvers ársfjórðungs.

Um afgreiðslu verkefna skipulags- og umhverfiráðs og starfsmanna þess skv. þessari grein og 15. gr., gilda ákvæði samþykpta um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar og ákvæði 3. mgr. 42. laga nr.138/2011.

Endurupptaka máls

17. gr.

Eftir að skipulags- og umhverfiráð eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til skipulags- og umhverfiráðs.

Stjórnsýslukæra

18. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun skipulags- og umhverfiráðs eða starfsmanna þess til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun skipulags- og umhverfiráðs eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.





Gildistaka

19. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt fyrir stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

Samþykkt á fundi skipulags- og umhverfissráðs Akraness þann 24. febrúar 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann 10. mars 2020.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

